

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðunarstaður Breiðdalshrepps Heydamelum



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	1.11.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Sorpurðunarstaður Breiðdalshrepps	Eftirlitsmaður	Hákon Hansson
Heimili	Selnesi 25	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	4801690779	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ragna Dagbjört Davíðsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við sameiningu Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar 10. júní 2018 fluttust öll verkefni og skyldur Breiðdalshrepps til Fjarðabyggðar. Þar sem starfsleyfi Breiðdalshrepps fyrir urðun á Heydamelum rann út 1.7. sl sótti Breiðdalshreppur um undanþágu til reksturs til. 1. 7. 2019 meðan ákveðið yrði af Fjarðabyggð, hvort sótt yrði um áframhaldandi starfsleyfi fyrir Heydalamelu. Þeirri umsókn hafnaði Umhverfisstofnun. Því var urðunarstaðnum lokað 1.7. sl og allt sörp úr Breiðdal frá þeim tíma flutt í Þernunes.

Eftirlit fór fram á urðunarstaðnum 19.6. og þá fór einnig fram sýnatoka úr sýnatökubrunni.

Í sumar var sett af stað af hálfu Fjarðabyggðar lokunarferli hvað varðar frágang urðunarsvæðis og við eftirlit 1.11. sl sjást lítil sem engin merki um að þarna hafi verið urðunarstaður, nema girðing með læstu hliði umhverfis svæðið.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um milli Umhverfisstofnunar og HAUST. Eftirlitsmaður var Hákon Hansson.

Eftirlit og sýnatoka 19. júní 2018.

Eftirlit var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, með breytingum og í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Gengið var um urðunarsvæðið og næsta nágrenni, einkum sunnan og austan við urðunarstaðinn. Eftirlit utan girðingar var til að meta fok frá svæðinu.

Urðunarsvæðið er snyrtilegt og úrgangur er settur í eina gryfju með þéttu loki, gryfju verður lokað með jarðvegi þegar u.þ.b. einn og hálfur metri er niður á sorpið í gryfjunni. Nokkuð ber á foki utan girðingar í nágrenni urðunarstaðarins. Fundað var með Rögnu Davíðsdóttur á svæðinu 9. ágúst og farið yfir það sem betur mátti fara á svæðinu. Búið er að loka öllum gryfjum, fjarlægja þarf plast sem sett hefur verið í hrúgu innan girðingar og hreinsa fok í nágrenni urðunarstaðar.

Sýnatoka 19.6.2018

Í niðurstöðu úr sýni vekur athygli, að blý er enn yfir viðmiðunarmörkum. Þó talsvert lægra gildi en 2017. Heilbrigðisfulltrúi telur að fundist hafi skýring á háu blýgildi. Við athugun hefur komið í ljós að fyrir og um það leyti sem urðunarstaðurinn var tekinn í notkun og áður en starfsleyfi var gefið út var rafgeymum safnað saman á svæði sem er í næsta nágrenni þess staðar, þar sem sýnatökubrunnur var útbúinn. Ekki liggur þó nákvæmlega fyrir hvar þetta var þannig að hægt sé að grafa eftir rafgeymum og fjarlægja þá. Líklegt er að þetta hafi verið á árunu upp úr 1990 til 1995. Að öðru leyti eru allar mælingar langt innan viðmiðunarmarkna.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

Sbr. lið B í fylgiskjali með reglugerð 769/1999

Í niðurstöður mælinga frá 19. júní 2018 mældist blý í grunnvatni 36,1 µg/l. Í gr. 5 í reglugerð 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns kemur fram að miða eigi við losunarmörk sem koma fram í reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Í lið B í fylgiskjali með reglugerð 769/1999 eru umhverfismörk fyrir málma í yfirborðsvatni og þar kemur fram að gildi fyrir blý yfir 15 µg/l séu ávallt ófullnægjandi ástand vatns fyrir lífríki. Blý í grunnvatni á urðunarstað á Heydalamelum er því yfir umhverfismörkum.

ÁBENDINGAR

Lögð var áhersla á að hreinsa upp fok frá urðunarstað í sumar og var brugðist við því.

ANNAÐ

Starfsleyfi urðunarstaðarins var gefið út 12. júlí 2006 og rann út 1.7. 2018.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

27.12.2018

Halla Einarsdóttir
Halla Einarsdóttir

